

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2012 í máli nr. E-10868/2009:

Þór Kolbeinsson

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Einar K. Hallvarðsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. apríl sl., var höfðað 23. september 2009, af Þór Kolbeinssyni, Granaskjóli 17, Reykjavík, gegn íslenska ríkinu.

Endanleg kröfugerð stefnanda, samkvæmt bókun frá 11. apríl 2012, er sú að stefnda verði gert að greiða honum 12.917.089 krónur með skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. desember 2005 til stefnubirtingardags en dráttarvöxtum samkvæmt IV. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Er þess krafist að gjafsóknarlaun í héraði verði í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning auk nýrrar viðbótartímaskýrslu og að gjafsóknarkostnaður stefnanda verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun lögmanns stefnanda.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins. Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Kveðinn var upp dómur í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. apríl 2011. Með dómi Hæstaréttar Íslands 9. febrúar 2012 í hæstaréttarmálinu nr. 405/2011 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju. Undirritaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur tók við málinu 3. mars 2012.

II.

Málsatvik

Stefnandi lenti í vinnuslysi 28. júlí 2001 er hann var í vinnu hjá Ístaki hf. við að einangra og setja milliloft í austurenda verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar. Stefnandi hlaut af slysinu varanlega örorku og höfðaði mál á hendur Ístaki hf. og tryggingarfélagi þess, Sjóvá Almennum tryggingum hf., til réttargæslu. Ístak hf. hafnaði bótaskyldu og lauk málinu með dómi Hæstaréttar Íslands 20. desember 2005 í máli nr. 246/2005: Þór Kolbeinsson gegn Ístaki hf. og gagnsök. Þar var Ístak hf. sýknað af kröfum stefnanda. Í umræddum dómi Hæstaréttar eru færð eftirfarandi rök fyrir niðurstöðunni:

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram hafði aðaláfrýjandi og tveir aðrir smiðir með höndum það verkefni að einangra með steinull á milli gólfbita og klæða milligólf ofan við fyrirhugað verslunarrými í nýbyggingu við Smáralind í Kópavogi. Klætt hafði verið neðan á milligólfið með gipsplötum sem mynduðu loft verslunarrýmisins í fimm metra hæð frá steingólfi þess. Þangað komust aðaláfrýjandi og vinnufélagar hans með svokallaðri skæralyftu sem komið hafði verið fyrir utan við vegg verslunarrýmisins. Leggja átti steinullina ofan á gipsplöturnar, en loka svo milligólfinu með því að leggja spónaplötur ofan á steinullina og festa þær við gólfbitana. Verkið var komið nokkuð á veg í því rými sem um ræðir þegar aðaláfrýjandi slasaðist 28. júlí 2001 er hann féll á milli bitanna niður á steingólfið.

Fallist er á með héraðsdómi að ekki verði séð að sérstök gönguleið hafi verið útbúin í umræddu rými og munu aðaláfrýjandi og áðurnefndir tveir vinnufélagar hans hafa stiklað eftir bitunum til að komast leiðar sinnar. Bilið á milli bitanna mun hafa verið 57 sm og þeir 5 sm á breidd. Í einni slíkri ferð skrikaði aðaláfrýjanda fótur, steig á gipsklæðninguna, sem gaf sig með fyrrgreindum afleiðingum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að orsakir slyssins megi rekja til þess að hvorki voru til staðar fallvarnir né öryggisbelti.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína á því að verkstjórn hafi verið áfátt og öryggisráðstafanir af hálfu gagnáfrýjanda ekki verið fullnægjandi. Málsaðilar eru þó sammála um að erfitt hafi verið að koma því við að láta menn fara um svæðið á loftinu, festa með líflinum, en margir metrar voru upp í þak hússins þar sem aðaláfrýjandi telur að þurft hefði að festa slíkar línur. Ekki verður heldur séð hvernig koma hefði átt við sérstökum fallvörnum undir gólfbitana og gipsplöturnar. Hins vegar var augljóslega unnt að tryggja frekar öryggi starfsmanna á umræddu svæði með þeim einfalda hætti að leggja þvert ofan á bitana mannheldan við sem þeir hefðu getað gengið eftir. Fram er komið að aðaláfrýjandi þekkti vel til aðstæðna, en hann hafði unnið við að setja gipsplöturnar upp í loft verslunarrýmisins undir bitana sem hann féll af. Aðaláfrýjandi er lærður húsasmíðameistari og hefur allnokkra reynslu af störfum á því sviði. Mátti hann vita hvaða ráðstafana væri þörf við þær aðstæður sem um ræðir. Átti honum að vera ljós sú hætta sem stafaði af því að fara um svæðið með því að stikla eftir þverbitunum. Verður ekki talið að þörf hafi verið á að gagnáfrýjandi gæfi honum sérstök fyrirmæli eða leiðbeiningar þar að lútandi. Eins og atvikum málsins er háttað má raunar fremur telja það hafa verið í verkahring aðaláfrýjanda sjálfs að bregðast við þessu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður samkvæmt þessu ekki talið að slysið verði rakið til atvika sem gagnáfrýjandi ber ábyrgð á. Ber því að sýkna hann af kröfu aðaláfrýjanda.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta gegn stefnda, íslenska ríkinu, í tilefni af því að hann telur að framangreindur sýknudómur Hæstaréttar Íslands sé bein afleiðing þess að tilskipanir Evrópusambandsins hafi ekki verið réttilega leiddar inn í íslenskan rétt en til vara að rétturinn hafi fyrir mistök túlkað íslenskan rétt í andstöðu við tilskipanir Evrópusambandsins og þar með í andstöðu við 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Stefnandi telur sig hafa af þessum sökum orðið fyrir tjóni sem samsvari þeim fjármunum sem hann hafi krafist Ístak hf. um í framangreindu máli. Stefnandi heldur því fram að á þessu beri stefndi ábyrgð og vísar um það til dóms Hæstaréttar Íslands frá 16. desember 1999 í máli nr. 236/1999: Íslenska ríkið gegn Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur og gagnsök.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefnandi geti átt kröfu á hendur stefnda á þeim lagagrundvelli sem stefnandi vísi til.

Með úrskurði dómsins 17. febrúar 2010 var í tilefni af beiðni stefnanda ákveðið að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um tiltekin atriði er varða sakarefni málsins. Úrskurðurinn var af hálfu stefnda kærður til Hæstaréttar og þess krafist að hann yrði felldur úr gildi. Með dómi Hæstaréttar 23. mars sama ár var fallist á að efni væru til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um þau grunnatriði sem málalíbúnaður stefnanda hvíldi á enda hefði þeim ekki verið ráðið til lykta með dómi Hæstaréttar 20. desember 2005. Nánar tiltekið var óskað ráðgefandi álits á eftirfarandi:

1. Samræmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE) að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni, sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað?

2. Ef svarið við framangreindri spurningu er neikvætt, er íslenska ríkið þá skaðabótaskyldt gagnvart starfsmanni, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi og verið látinn í ósamræmi við ofangreindar tilskipanir bera tjón sitt sjálfur í heild eða að hluta vegna eigin sakar, á þeirri forsendu að ríkið hafi ekki staðið réttilega að innleiðingu þessara tilskipana í íslenskan rétt?

Með beiðni dómsins 26. sama mánaðar var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins samkvæmt dómi Hæstaréttar. Með dómi EFTA-dómstólsins 10. desember 2010 var veitt ráðgefandi álit af þessu tilefni. Þar voru veitt eftirfarandi svör við ofangreindum spurningum:

1. Einungis í undantekningartilvikum samræmist það tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi

og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE), túlkuðum í ljósi 3. gr. EES-samningsins, að gera starfsmann ábyrgan fyrir öllu eða meginhluta tjóns sem hann hefur beðið vegna vinnuslyss á grundvelli skaðabótareglna landsréttar um eigin sök, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði farið að reglum um öryggi og heilsu á vinnustað.

Meðal undantekningartilvika má nefna þegar starfsmaður hefur sjálfur valdið slysi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Jafnvel í slíkum tilvikum myndi alger höfnun skaðabóta þó eigi síður vera úr hófi íþyngjandi og ekki í samræmi við tilskipanirnar, nema svo sérstaklega hátti til að starfsmaður hafi átt talsvert meiri sök á slysi en vinnuveitandi.

2. EES-ríki getur borið skaðabótaábyrgð vegna brota á þeirri reglu um eigin sök sem felst í tilskipunum 89/391 og 92/57, túlkuðum í ljósi 3. gr. EES-samningsins. Sú skaðabótaábyrgð er háð því að brotið teljist nægilega alvarlegt. Það er í verkahring landsdómstólsins að skera úr um hvort þessu skilyrði sé fullnægt í því máli sem hann hefur til umfjöllunar, í samræmi við viðurkennda dómaframkvæmd um skaðabótaábyrgð ríkja vegna brota á EES-reglum.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er vísaða til þess að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð séu reglur Evrópska efnahagssvæðisins ekki réttilega innleiddar í íslenska löggjöf, eins og fram komi í Hæstaréttardómi í máli nr. 236/1999. Með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið heimilað að fullgilda EES-samninginn fyrir Íslands hönd og samkvæmt 1. mgr. 2. gr. hafi hann fengið lagagildi á Íslandi. Í 7. gr. samningsins komi fram hvernig gerðir og tilskipanir skuli færðar inn í landsrétt við komandi ríkja. Þar taki þau á sig skyldur þess efnis.

EES-samningurinn feli ekki í sér framsal löggjafarvalds heldur beri að haga löggjöf hvers ríkis og lagaframkvæmd til samræmis við samninginn, ella baki ríkið sér skaðabótaábyrgð gagnvart einstaklingum sem verði fyrir tjóni af slíkri vanrækslu. Þetta leiði af lögum nr. 2/1993 og meginreglum og markmiðum EES-samningsins og hafi verið staðfest með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 236/1999.

Stefnandi kveðst byggja á því að tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE og sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar, þ.e. nr. 92/57/EBE, hafi ekki verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt eða lagaframkvæmd hafi orðið í andstöðu við þær. Á þessu beri stefndi ábyrgð. Hefðu tilskipanirnar verið innleiddar í íslenskan rétt hefði stefnandi fengið fullar bætur vegna tjónsins sem hann varð fyrir í vinnuslysinu.

Af hálfu stefnda hafi því verið haldið fram að framangreindar tilskipanir hafi réttilega verið innleiddar í íslenskan rétt, en hafi misbrestur orðið á því sé um

mistök Hæstaréttar að ræða sem stefndi geti ekki borið ábyrgð á. Þessu hafnar stefnandi enda skipti ekki máli af hvaða ástæðum EES-samningurinn sé brotinn. Niðurstaða Hæstaréttar í málinu nr. 246/2005 sé í andstöðu við þjóðréttarlegar skyldur Íslendinga samkvæmt EES-samningnum og beri stefndi skaðabótaábyrgð á því. Þá skipti ekki máli hvaða þáttur ríkisvaldsins eigi í hlut. Um þetta vísar stefnandi til *Affaire C-224/01, Gerhard Köbler v. Austria, 30.9.2003, Recueil de jurisprudence 2003 p. I-10239, Celex 62001J0224*.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið veitt heimild til að fullgilda EES-samninginn fyrir Íslands hönd. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna hafi meginmál samningsins lagagildi á Íslandi. Í 7. gr. samningsins segi að gerð, sem samsvari tilskipun EBE, skuli veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina, þegar þær eru teknar upp í landsrétt. Af þessu leiði að framangreindar tilskipanir séu bindandi fyrir Ísland og hafi borið að taka þær réttilega upp í landsrétt í samræmi við b-lið 7. gr. samningsins. Í 3. gr. samningsins skuldbindi samningsaðilar sig til að gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem leiði af samningnum. Af lögum nr. 2/1993 og meginreglum og markmiðum EES-samningsins leiði að stefndi verði skaðabótaskyldur að íslenskum rétti ef tilskipanirnar eru ekki réttilega innleiddar eða virtar í réttarframkvæmdinni. Hæstiréttur hafi talið í málinu nr. 236/1999 að skaðabótaábyrgð á þessum grundvelli hefði næga lagastöð í íslenskum rétti og um bótaábyrgð færi eftir almennum reglum um bótaábyrgð hins opinbera.

Um málavexti kveðst stefnandi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 246/2005: Þór Kolbeinsson gegn Ístaki hf. og gagnsök og eftirfarandi atvika. Stefnandi hafi verið við störf sem starfsmaður Ístaks hf. 28. júlí 2001 í nýbyggingu verslunarmiðstöðvarinnar í Smáralind. Stefnandi hafi unnið við að einangra með steinull á milli gólfbita og klæða milligólf ofan við fyrirhugað verslunarrými ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Ístaks hf. Komið hafði verið upp svokallaðri skæralyftu til að komast upp á milligólfið sem hafi verið í 5 m hæð. Stefnandi hafi stiklað frá skæralyftunni eftir gólfbitunum sem legið hafi í sömu stefnu og gönguleið hans. Bilið á milli bitanna hafi verið 57 cm. Stefnandi hafi ætlað yfir á svæði þar sem klæðning var komin á milligólfið en þar hafi steinullin, sem starfsmennirnir notuðu við einangrunarvinnu sína, verið geymd. Milligólfið hafi verið klætt með gifsplötum. Á leiðinni hafi stefnandi fallið af gólfbitanum í gegnum gifsklæðninguna með þeim afleiðingum að hann féll niður á steingólf um 5 m fyrir neðan og slasaðist mikið. Við fallið hafi stefnandi hlotið fjönláverka, m.a. opið beinbrot á vinstri upphandlegg og millikjúkulið á sömu hendi, fjögur rif hafi brotnað og hann hafi fengið blæðingu í brjóstholi og fleiri minni áverka, mar og sár.

Guðmundur Björnsson læknir og Birgir G. Magnússon hdl. hafi metið afleiðingar slyssins 30. janúar 2003. Samkvæmt matsgerðinni hafi tímabundið atvinnutjón stefnanda verið metið 100% í níu mánuði, tímabil þjáninga níu mánuði frá slysdegi, þar af fjórir dagar í rúmlegu, varanlegur miski 20% og varanleg örorka 15%. Stöðugleikapunktur hafi verið 28. apríl 2002.

Stefnandi vísi til þess að hættustigið hafi verið hátt og vinnusvæðið stórt í Smáralind. Samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins hafi vinnuveitanda sjálfum borið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hætta skapaðist. Hann hafi m.a. átt að sinna forvörnum og láta fara fram áhættumat.

Vinnuveitandinn hafi átt að sinna fræðslu og þjálfun starfsmanna, vinna að nauðsyn legri skipulagningu á viðbúnaði, laga vinnuferli að einstaklingum og tryggja þeim viðeigandi tilsögn. Ekkert af þessu hafi verið gert svo vitað sé. Í þessu tilfelli hafi atvinnurekandinn þurft að sýna sérstaka natni því starfsmennirnir hafi ekki talað tungumál hver annars og þeir hafi haft mismunandi vinnulag og venjur við störf. Ekki sé vitað til að atvinnurekandi hafi gert neitt til að koma í veg fyrir að hætta gæti skapast við störf. Til að mynda hafi ekki verið gert ráð fyrir líflínu og ekki fallvörnum. Erfiðleikarnir við að koma við fallvörnum hafi ekki verið svo miklir að það hefði verið óyfyrstíganleg hindrun. Aðeins efnahagssjónarmið atvinnurekanda hafi mælt þessu mót. Samkvæmt Evróputilskipununum séu þau sjónarmið ekki heimil. Á vinnusvæðinu hafi enginn þeirra þriggja sem þar unnu haft tilskipunarvald yfir hinum, hver hafi farið sínar leiðir og aðstæður til að aðilar gætu komið sér saman um skynsamlegt og öruggt vinnulag hafi verið slæmar. Starf þessara þriggja manna hafi ekki verið skipulagt með tilliti til öryggis.

Brot stefnda hvað varðar að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins hafi falist í því að Hæstiréttur hafi reist niðurstöðu sína í framangreindu máli á því að það hafi „verið í verkahring aðaláfrýjanda sjálfs [stefnanda] að bregðast við þessu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980“. Hæstiréttur hafi ekki talið að „slysið verði rakið til atvika sem gagnáfrýjandi [Ístak] ber ábyrgð á“. Í þessu máli hafi allri ábyrgð verið létt af atvinnurekandanum en öll lögð á stefnanda.

Helstu greinar tilskipana Evrópusambandsins, efni þeirra og í hverju brot gegn þeim voru fölgín séu eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 89/391/EBE:

Í formála ákvæða tilskipunarinnar komi fram að umbætur er varði öryggi á vinnustöðum megi ekki víkja fyrir hreinum efnahagssjónarmiðum. Í dómi Hæstaréttar hafi atvinnurekandi verið virt það til vorkunnar að erfitt væri að gera öryggisráðstafanir. Líflínu hafi mátt koma við þótt hafa þyrfti fyrir því. Fallvörnum hafi auðveldlega mátt koma við á gólfí vinnustaðarins þannig að ef einhver hryndi niður úr milliloftinu þá myndi hann lenda á slíku öryggisneti. Sú niðurstaða að íslenskur réttur leyfi slík efnahagsleg sjónarmið á kostnað öryggis sé brot gegn þessu ákvæði tilskipunarinnar.

Í 5. gr. sé gert ráð fyrir að atvinnurekandi tryggi öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu. Í máli stefnanda hafi verið talið að íslensk lög legðu þær skyldur á stefnanda sjálfan að huga að öryggi sínu en ekki á vinnuveitanda hans. Þetta sé í andstöðu við 1. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að vinnuveitanda beri samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar að gera sjálfur nauðsynlegar ráðstafanir til varnar hættu og séu forvarnir nefndar sérstaklega í því sambandi. Í þessu sambandi sé sérstaklega nefnd fræðsla og þjálfun, nauðsynleg skipulagning og viðbúnaður. Stefnandi telur að ekkert af þessu hafi verið í lagi þegar hann hafi þurft að vinna með tveimur öðrum sem hafi haft sitt eigið vinnulag, tungumálaörðugleikar hafi verið fyrir hendi, enginn hafi haft tilskipunarvald yfir hinum og enginn hafi lagt á ráðin um hvernig staðið yrði að vinnunni. Viðbúnaður hafi enginn verið en sérstaklega sé nefnt að vinnuveitandi skuli vera vakandi í þessum efnunum.

Í 2. mgr. 6. gr. komi fram að atvinnurekanda beri að forðast áhættu, sem hafi ekki verið gert, og sporna gegn því að áhætta geti skapast. Honum beri að laga vinnuferli að einstaklingnum og tryggja starfsmönnum viðeigandi tilsögn. Á þessu hafi orðið misbrestur en allir starfsfélagarnir þrír hefðu þurft að fá tilsögn í stað þess að láta þá koma sér saman um tilhögun verksins með tilheyrandi tungumála örðugleikum og mismunandi venjum frá mismunandi löndum um hvernig ætti að bera sig að.

Í 9. gr. séu tilgreindar skyldur vinnuveitanda. Hann þurfi að meta áhættu en það hafi ekki verið gert og því síður ákveðið hvaða verndarráðstafana skyldi grípa til og hvaða hlífðarbúnað skyldi nota. Einnig sé vísað til 11. gr. um samráð við starfsmenn og 12. gr. um þjálfun en hvorugu hafi verið fyrir að fara í umrætt sinn.

Tilskipun ráðsins 92/57/EBE:

Stefnandi tekur fram að í samræmi við 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE hafi verið gerð sértilskipun um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum. Hún eigi því við um störf stefnanda í Smáralind. Í formála tilskipunarinnar sé sérstaklega tekið fram að ófullnægjandi ákvarðanir um fyrirkomulag og/eða skipulagskosti eða slæmt vinnu skipulag á undirbúningsstigi verks hafi átt sinn þátt í meira en helmingi vinnuslysa sem orðið hafi á byggingarsvæðum í bandalaginu. Síðan segi: „Meðan á framkvæmd verks stendur geta orðið mörg vinnuslys sem stafa af ónógri samræmingu, einkum ef ýmis fyrirtæki starfa samtímis við verk eða hvert á eftir öðru á sama bráðabirgða- eða færanlega byggingarsvæðinu.“

Stefnandi telur að reglur á grundvelli þessara sjónarmiða hafi ekki verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt eins og framangreindur hæstaréttardómur staðfesti. Hvorki hafi verið tekin ákvörðun um fyrirkomulag verksins né gætt nægilegrar samræmingar eða með nokkrum hætti hugað að öryggi þeirra manna sem voru að vinna á umræddu millilofti. Ljóst sé að skyldur vinnuveitanda samkvæmt 9. gr. hafi verið brotnar. Sömu leiðis 12. gr. um samráð og þátttöku starfsmanna í ráðstöfunum til að innleiða öryggi, tryggja tilhlýðilega samhæfingu starfsmanna og hafa hliðsjón af hættustigi og stærð vinnusvæðis. Í tilfelli stefnanda hafi hættustigið verið mikið og vinnusvæðið stórt. Í 4. gr. viðauka sé fjallað um lágmarkskröfur sem hafi í ýmsum atriðum verið brotnar, svo sem í B. hluta 1. þætti lið 1 um stöðugleika og traustleika og 10. gr. um umferðarleiðir. Í máli stefnanda hafi vinnuveitandi ekki farið eftir reglum um öryggiskröfur. Íslenskar lagareglur leggi þyngri skyldur á launþega en gert sé í framangreindum tilskipunum. Reglunum hafi verið beitt þannig í úrlausn Hæstaréttar að brotið hafi verið gegn alþjóðlegum samningum og þar með hafi skapast bótaréttur að lögum gagnvart stefnda.

Um bótagrundvöll og tjón vísar stefnandi til þess að stefndi hafi fyrir mistök eða vanrækslu í lagasetningu eða lagaframkvæmd valdið því að stefnandi hafi fengið niðurstöðu í umræddu hæstaréttarmáli í andstöðu við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og tilskipanir settar samkvæmt honum eins og að framan greini. Aðallega sé byggt á því að framangreindur dómur, forsendur hans og niður staða, sé sönnun þess að umræddar tilskipanir hafi ekki verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt. Til vara sé byggt á því að Hæstiréttur hafi fyrir mistök dæmt um efni

Íslensks réttar í andstöðu við framangreindar tilskipanir og EES-samninginn þrátt fyrir 3. gr. laga nr. 2/1993. Hefði verið leyst úr málinu til samræmis við hinar þjóðréttarlegu skuldbindingar Íslands myndi stefnandi hafa fengið allar kröfur sínar teknar til greina í framangreindu hæstaréttarmáli. Hér sé um að ræða reglur sem ætlað sé að veita borgurum tiltekin réttindi við vinnu sína.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að til að unnt sé að fella bótaábyrgð á stefnda þurfi tilskipanirnar að veita einstaklingsbundinn rétt, orsakasamband verði að vera fyrir hendi og brot nægilega alvarlegt. Hafi EFTA-dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu að öll þess skilyrði séu fyrir hendi í málinu. Við innleiðingu tilskipananna hafi þurft að fyrirbyggja að vinnuveitandi gæti losnað undan skyldum sínum og viðurlögum vegna skyldu launþegans til að gæta að eigin öryggi. Þar sem þess hafi ekki verið gætt hafi tilskipanirnar ekki verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt. Hafi það valdið því að stefnandi hafi ekki fengið bætur fyrir tjónið sem hann hefði ella fengið. Það sé alvarlegt brot að stefnandi fái ekki að njóta þeirra og bein orsakatengsl séu á milli þessa brots á skuldbindingum stefnda og þess að stefnandi hafi ekki fengið dæmdar skaðabætur í umræddu máli.

Komist dómurinn að gagnstæðri niðurstöðu sé af hálfu stefnanda byggt á því að Hæstiréttur hafi gert alvarleg mistök við túlkun lagareglna í máli stefnanda gegn Ístaki hf. Réttinum hafi borið að túlka löginn til samræmis við framangreindar tilskipanir. Þar sem það hafi ekki verið gert hafi stefnandi orðið fyrir tjóni sem nemi stefnukröfunni í máli þessu. Sök stefnanda hafi verið ranglega metin af Hæstarétti og hafi stefnandi verið látinn bera allt tjónið sjálfur vegna eigin sakar en það hafi ekki samrýmt þeim tilskipunum sem þar hafi átt að taka tillit til. Hugsanlega sök stefnanda hafi í mesta lagi átt að meta sem einfalt gáleysi.

Kröfugerð stefnanda samkvæmt bókun frá 11. apríl 2012 er sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

Tímabundið atvinnutjón, þjáningabætur og varanlegur miski 2.738.897	kr.
Varanleg örorka <u>6.563.868</u>	<u>kr.</u>
Samtals 9.302.765	kr.
4,5% vextir til 27.3.2003 <u>444.527</u>	<u>kr.</u>
Samtals 9.747.292	kr.
Dráttarvextir frá 27.3.2003 til dómsuppsögudags 20.12.2005 4.777.172	kr.
Frádregið þ. 4.3.2003 v/eingreiðslu úr slysatryggingu launþega 930.386	kr. -

Frádregið þ. 26.3.2003 v/eingreiðslu frá TR
676.989

kr. _____ -

Samtals, stefnufjárhæðin
12.917.089

kr.

Stefnandi vísi til laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, tilskipana ráðsins nr. 89/391/EBE og 92/57/EBE, almennra reglna um bótaábyrgð ríkissjóðs, almennu skaðabótareglunnar og stjórnarskrárinnar nr. 33/1994, einkum 2. gr. Einnig sé vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnu stöðum, skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá sé vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 236/1999: Íslenska ríkið gegn Erlu Mariu Sveinbjörnsdóttur og gagnsök.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er málsatvikum lýst þannig að dómur hafi gengið í Hæstarétti Íslands 20. desember 2005 í málinu nr. 246/2005 þar sem stefnandi hafi sótt kröfu um skaðabætur á hendur Ístaki hf., en stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu. Kröfuna hafi stefnandi byggt á því að Ístak hf. bæri sem vinnuveitandi hans skaðabótaábyrgð á slysi sem hann hafi orðið fyrir við vinnu sína. Stefnandi hafi byggt á því að verkstjórn hafi verið áfátt og öryggisráðstafanir af hálfu Ístaks hf. ekki fullnægjandi. Fyrir héraðsdómi hafi bótaskylda verið lögð á Ístak hf., en helming tjónsins hafi stefnandi átt að bera sjálfur. Stefnandi hafi áfrýjað dóminum til Hæstaréttar sem hafi sýknaði Ístak hf. af öllum kröfum stefnanda. Í forsendum hæstaréttardómsins komi fram að stefnandi hafi þekkt vel til aðstæðna, tækja og þess byggingarefnis sem hann hafi unnið með auk þess að vera lærður húsasmíðameistari með allnokkra reynslu. Hann hafi mátt vita hverra ráðstafana væri þörf við aðstæður á vinnustaðnum og hver sú hætta hafi verið sem stafaði af þeim, en slysið hafi borið að þegar hann hafi stiklað eftir þverbitum til að komast leiðar sinnar. Í dómi Hæstaréttar komi einnig fram að ekki hefði verið þörf á því að stefnandi fengi sérstakar leiðbeiningar af hálfu Ístaks hf. og að fremur hafi mátt telja að það hafi verið í verkahring hans sjálfs að bregðast við þannig að hætta stafaði ekki af, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Stefndi í þessu máli hafi enga aðild átt að hæstaréttarmálinu nr. 246/2005. Á hinn bóginn byggi stefnandi málshöfðun sína nú á þeim grundvelli að Hæstiréttur hafi ekki beitt réttarheimildum á þá lund að stefnandi uppskæri bætur vegna vinnuslyssins. Stefnandi haldi því fram að með dómi Hæstaréttar hafi verið gerð mistök við beitingu réttarheimilda og varði það ríkið bótaskyldu. Stefnandi byggi á því að dómstólnum hafi borið að beita tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE og nr. 92/57/EBE. Þótt röksemdir fyrir þessu komi fram í stefnu sé ekki ljóst hvort byggt sé á því að reglum EES-réttar hafi ranglega verið komið fyrir eða ekki komið fyrir í íslenskum rétti eða hvort stefnandi telji dómsvaldið hafa horft fram hjá þeim við úrlausn málsins eða túlkað þær ranglega. Málsreifun stefnanda sé að þessu leyti

afar óljós og málsástæður vanreifaðar.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi fyrir mistök eða vanrækslu í lagasetningu eða lagaframkvæmd orðið til þess að hann fékk niðurstöðu í hæstaréttarmálinu í andstöðu við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Dómur Hæstaréttar sé sönnun þess að tilskipanirnar hafi ekki verið innleiddar í íslenskan rétt. Stefndi mótmæli þessu. Dómur Hæstaréttar feli í sér endanleg úrslit sakarefnis, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sú regla eigi sér einnig stoð í dómstólalögum nr. 15/1998, stjórnarskipun landsins og stjórnarskrá. Þá vísi stefndi einnig til hrd. 18. júní 2009 í málinu nr. 604/2008. Þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að dómstóll hefði ekki beitt réttarreglum eða beitt þeim ranglega sé niðurstaða Hæstaréttar endanleg og bindandi. Úrræði til að leita endurskoðunar á dómi Hæstaréttar sé í reynd aðeins endurupptaka á grundvelli 169. gr. laga nr. 91/1991. Sakarefnið, sem stefnandi hafi borið upp við dómstóla í máli sínu gegn Ístaki hf., hafi endanlega verið til lykta leitt með dómi Hæstaréttar og standi gildi dómsins því óhaggað, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Engin heimild sé til þess að lögum að endurskoða þann dóm að efni til. Að sama skapi sé hafnað þeim málsástæðum stefnanda að hann geti átt rétt til skaðabóta úr hendi stefnda á þeim grundvelli að niðurstaða Hæstaréttar hafi verið röng, sbr. forsendur í tilvitnuðum dómi réttarins í hæstaréttarmálinu nr. 604/2008.

Af dómi Hæstaréttar verði ekki betur séð en að beitt hafi verið réttarheimildum hins almenna skaðabótaréttar á sama hátt og áður. Lagt sé út frá hinni almennu reglu um að menn beri tjón sitt sjálfir og að ekki hafi verið skilyrði til að færa það yfir á vinnuveitanda af ýmsum ástæðum. Stefnandi hafi í reynd haft verkstjórn með höndum og tjón hans verði rakið til eigin sakar. Ekkert í nefndum tilskipunum koll varpi þeirri almennu reglu skaðabótaréttar að menn kunni að bera tjón sitt sjálfir. Tilskipanirnar hefðu verið settar til að uppfylla lágmarkskröfur á vinnustöðum um öryggi. Þær lúti ekki að skaðabótaskyldu eða skaðabótaábyrgð. Um hana gildi almennar reglur þótt löggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé vissulega viðmið þegar metið er hvort bótagrundvöllur sé fyrir hendi að íslenskum og norrænum rétti. Með tilskipununum sé hvergi kveðið á um að vinnuveitandi sé bótaábyrgur. Um bótaábyrgð fari því eftir almennum reglum eins og dómur Hæstaréttar beri með sér.

Stefndi telur að ekkert annað hafi komið fram en að nefndar tilskipanir hafi verið innleiddar í íslenskan rétt. Breyting á lögum nr. 46/1980 með lögum nr. 68/2003 sé meðal annars sprottin af tilskipun nr. 89/391/EBE og hafi ákvæði hennar verið réttilega innleidd. Ekkert ákvæði í henni eða öðrum tilskipunum, sem stefnandi vísi til, mæli fyrir um bótarétt sem stefnandi geti byggt á. Vegna þessa meðal annars sé grundvallarmunur á sakarefni þessu og því sem leyst var úr með dómi Hæstaréttar 16. desember 1999 í málinu nr. 236/1999. Engin skilyrði bótaábyrgðar að EES-rétti séu uppfyllt hér. Engri vanrækslu sé til að dreifa á innleiðingu reglna, hvorki almennt né verulegri, ekki sé um að tefla tiltekin afmörkuð réttindi sem einstaklingur eigi tilkall til og skilyrði um orsakatengsl ekki uppfyllt.

Þótt vinnulöggjöfin sé að miklu leyti á sviði opinbers réttar verði ekki fram hjá því horft að í skaðabótamáli milli einkaaðila gildi máls- og sakarforræðisregla fullum fetum. Stefnandi hafi ekki byggt fyrri málsókn sína sérstaklega á tilvitnuðum tilskipunum. Engu að síður sé hin íslenska vinnulöggjöf í fullu

samræmi við tilskipanir þær sem innleiddar hafi verið og í reynd hafi dómstóllinn vegið þær réttarreglur og metið við úrlausn málsins. Verði ekki fallist á málsástæður stefnda um þetta sé á því byggt að þar sem aðilar hafi haft fullt forræði á röksemdum í málinu sé það á ábyrgð stefnanda sjálfs að hafa ekki byggt á eða lagt sömu áherslur á mál sitt gegn Ístaki hf. og hann geri hér.

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekkert komi fram í umræddum tilskipunum sem hafi staðið í vegi fyrir því að byggja á eigin sök stefnanda í dómi Hæstaréttar og leysa úr málinu í samræmi við almennar skaðabótaþreglur. Ekki sé unnt að skilja dóm Hæstaréttar þannig að þar hafi efnahagsleg sjónarmið ríkt ofar vinnuvernd. Í dómnum komi fram að aðilar málsins hafi verið sammála um tiltekna erfiðleika, t.d. að festa menn með líflínunum. Þá virtist mega túlka forsendur dómsins þannig að aðbúnaður sé gagnrýndur. Hvergi sé komið fram að Hæstiréttur hafi ekki dæmt málið á grundvelli réttarheimilda, þ. á m. allra þjóðréttarlegra skuldbindinga sem stefndi hafi gengist undir og innleitt í íslenskan rétt í samræmi við skyldur þar að lútandi.

Ósannað sé að stefnandi hafi ekki fengið tilsögn, en skilja verði dóm Hæstaréttar þannig að stefnandi hafi búið yfir sérstakri þekkingu á vinnustaðnum með tilliti til öryggis og vinnuverndar. Í málgögnum og fullyrðingum Ístaks hf. í því máli komi fram að stefnandi hafi verið gefin skýr fyrirmæli um að fara ekki út á bitana heldur velja aðra leið. Kysi hann að fara yfir bitana skyldi hann leggja plötur á milli þeirra til að varna falli. Öryggisbelti og líflínur hafi verið tiltæk sem hann hafi átt að nota í ljósi menntunar sinnar og reynslu. Hæstiréttur hljóti að hafa talið að gáleysi stefnanda hafi verið stórfellt. Í ljósi alls þessa eigi stefnandi réttilega að bera tjón sitt sjálfur vegna eigin sakar.

Stefndi tekur fram að stefnan sé afar óljós um efni tilskipunar nr. 92/57/EBE. Í þeim hluta byggi stefnandi á að svo megi virðast af dómi Hæstaréttar að tilskipunin hafi ekki verið innleidd. Engin umfjöllun sé að öðru leyti um gildi hennar eða samþýðanleik íslenskra laga við hana.

Stefndi byggir á því að íslensk lög og reglur séu í fullu samræmi við skuld bindingar að EES-rétti. Málsástæður stefnanda gangi hins vegar út á að dómur Hæstaréttar verði endurskoðaður. Hér virðist teflt fram nýjum málsástæðum um aðstæður á vinnustað stefnanda sem stefnandi telji Ístak hf. ekki hafa uppfyllt.

Af hálfu stefnda sé því mótmælt að hann hafi valdið stefnanda tjóni. Því sé einnig mótmælt að dómur Hæstaréttar frá 20. desember 2005 falli að þeim viðmiðunum sem gengið sé út frá í álit EFTA-dómstólsins. Þar sé því ekki svarað hvort dómur Hæstaréttar endurspegli ranga innleiðingu EES-reglna sem gildi um skaðabótaábyrgð á vinnuslysum. Í álitinu sé því heldur ekki svarað hvort dómur Hæstaréttar sé réttur eða rangur með tilliti til þeirra tilskipana sem stefnandi vísi til. Ekki hafi verið sýnt fram á að Hæstiréttur hafi á einhvern hátt metið sök í málinu án tillits til þeirra sjónarmiða sem taka beri mið af samkvæmt álit EFTA-dómstólsins. Dómur Hæstaréttar sé ekki byggður á því að tilskipanirnar hafi ekki verið innleiddar í íslenskan rétt og álit EFTA-dómstólsins gefi heldur ekki til kynna að reglurnar hafi ekki verið innleiddar. Í álitinu sé ekkert mat lagt á það hvað felist í dómi Hæstaréttar. Dómurinn sé alveg í samræmi við tilskipanirnar og álit EFTA-dómstólsins. Hins vegar sé ekki sagt rétt frá í álitinu í lið 50 en hvergi segi í dómi Hæstaréttar að komist sé að þeirri niðurstöðu að vegna eigin sakar starfsmanns bæri

að hafna kröfum hans á hendur vinnuveitenda um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss sem starfsmaðurinn hefði að öllum líkindum ekki orðið fyrir ef vinnuveitandinn hefði að eigin frumkvæði farið að reglum um öryggi á vinnustað. EFTA-dómstóllinn hafi ekki metið aðstæður á vinnustað og álitid fjalli ekki um það hvort reglum hafi verið ranglega beitt af Hæstarétti við mat á aðstæðum og úrlausn málsins. Þá hafi í álitid EFTA-dómstólsins ekki verið komist að niðurstöðu um hvort brot stefnda á EES-reglum hafi verið alvarlegt, en það sé skilyrði bótaábyrgðar.

Stefndi mótmæli því að fram hafi komið í málinu að í íslenskan rétt vanti reglu sem leiði til þess að stefnandi hafi eignast bótakröfu á hendur stefnda. Öll innleiðing á reglum hafi verið fullnægjandi og hvergi komi fram að vinnuverndarreglu vanti. Íslensk lög, sem hér skipti máli og dæmt hafi verið eftir í máli stefnanda á hendur Ístaki hf., séu í samræmi við umræddar tilskipanir. Í þeim séu lagðar skyldur á launþega um að gæta öryggis. Í álitid EFTA-dómstólsins komi ekki fram að skaðabótaskylda hafi stofnast á hendur stefnda. Meta verði aðstæður, eins og gert hafi verið í dómi Hæstaréttar 20. desember 2005. Ekki hafi komið fram að það mat hafi verið rangt eða að brotið hafi verið gegn tilskipununum eins og stefnandi haldi fram.

Til stuðnings lækkunarkröfu kveðst stefndi byggja á sömu málsástæðum og Ístak hf., þ.e. að skipta beri sök og að stefnandi beri stærstan hluta tjóns síns sjálfur. Stefnandi hafi ekki verið óvinnufær lengur en til 1. mars 2002 og launaviðmiðun sé mótmælt á sama grundvelli og áður. Þjáningabótakröfu stefnanda sé mótmælt sem of hárrí þar sem hann hafi aðeins verið veikur í skilningi skaðabótalaga til 1. mars 2002. Þá sé því mótmælt að 7. gr. skaðabótalaga geti átt við og því séu aðeins rök til að miða við meðaltalstekjur. Stefndi mótmælir vaxta- og dráttarvaxtakröfu stefnanda, einkum upphafstíma hennar. Krafan hafi aldrei verið í vanskilum en stefnda hefði aldrei verið stætt á því að greiða hana án dóms. Einnig sé því mótmælt að dráttarvextir geti verið hluti af höfuðstólskröfu, eins og hún sé sett fram í stefnu, að fjárhæð 4.979.479 krónur. Auk þess eigi frádráttarliðir að dragast frá áður en vextir séu reiknaðir. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist í öllum tilvikum til XXI. kafla laga um meðferð einkamála. Stefndi mótmælir málskostnaðarreikningi stefnanda sem allt of háum.

IV.

Forsendur og niðurstæða

Af hálfu stefnanda er á því byggt að framangreindar tilskipanir ráðsins frá 12. júní 1989 nr. 89/391/EBE og frá 24. júní 1992 nr. 92/57/EBE hafi ekki verið réttilega innleiddar í íslenskan rétt og því hafi stefnandi með dómi Hæstaréttar Íslands frá 20. desember 2005 verið ranglega látinn bera sjálfur tjón sitt er hann hlaut í slysinu 28. júlí 2001. Einnig heldur stefnandi því fram að í álitid EFTA-dómstólsins, sem aflað var í málinu, felist niðurstæða um að stefnanda verði ekki vegna tilskipananna gert að bera tjón sitt sjálfur og að fyrir liggid að skilyrðum sé

fullnægt til að stefnda verði gert að bæti stefnanda það tjón sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum.

Eins og bent er á í framangreindu álitni EFTA-dómstólsins mælir hvorug umræddra tilskipana fyrir um sérstök viðurlög ef vinnuveitandi sér ekki til þess að öryggi og aðbúnaður á vinnustað samrýmist kröfum tilskipananna. Sú almenna skylda hvíli hins vegar á aðildarríkjum EES-samningsins samkvæmt 3. gr. hans að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að EES-rétti verði framfylgt á skilvirkan hátt. Með vísan til þeirrar skyldu kemst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu í álitinu að EES-ríkjum beri skylda til að tryggja að brot á reglum, sem eru settar vegna innleiðingar tilskipana 89/391 og 92/57, sæti viðurlögum og að þau séu skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotið og hafi áhrif til varnaðar. Við úrlausn á því hvort viðurlögin fullnægi þessum kröfum verði að taka mið af þeim ákvæðum sem viðurlögunum sé ætlað að tryggja fylgni við. Síðan er vikið að 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391 sem og 9. gr. tilskipunar 92/57 og samhengi hennar við IV. viðauka sömu tilskipunar og sú almenna ályktun dregin af þeim að á vinnuveitendum hvíli sú skylda að gera öryggisráðstafanir á byggingarsvæðum. Í álitni EFTA-dómstólsins er sú meginregla síðan leidd af 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391 að ábyrgðin á öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað hvíli fyrst og fremst á vinnuveitanda. Því næst er komist að þeirri niðurstöðu að til þess að viðurlög við broti á skyldum vinnuveitenda samkvæmt tilskipun 89/391 og 92/57 geti talist skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotið og hafi áhrif til varnaðar, verði þau að endurspeгла það sjónarmið að vinnuveitandi eigi að bera meginábyrgðina á öryggi og heilsu starfsmanna. Af þessu er dregin sú ályktun að þegar fyrir liggja að vinnuveitandi hafi ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt tilskipununum, og ekki átt frumkvæði að því að fylgja reglum um öryggi og heilsu á vinnustað, sé einungis í undantekningartilvikum hægt að láta starfsmann, sem verður fyrir vinnuslysi, bera tjón sitt sjálfan vegna eigin sakar. Á það er bent að á meðal undantekningartilvika falli meðal annars tilvik þegar starfsmaður hefur sjálfur valdið slysi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Myndi alger höfnun skaðabóta hins vegar teljast úr hófi íþyngjandi nema svo sérstaklega hagaði til að starfsmaður teldist eiga talsvert meiri sök á slysi en vinnuveitandinn.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið hefur meginmál EES-samningsins lagagildi hér á landi. Af 7. gr. samningsins leiðir að tilskipanir Evrópusambandsins, sem er að finna í viðaukum við EES-samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, ber að taka upp í landsrétt, en íslensk yfirvöld hafa val um form og aðferð við þá framkvæmd. Á þessum grundvelli bar að taka upp fyrrgreindar tilskipanir nr. 89/391 og 92/57 upp í íslenskan landsrétt, en báðar voru þær tilgreindar í XVIII. viðauka við EES-samninginn. Eins og rakið er í álitni EFTA-dómstólsins varð við innleiðingu tilskipananna í íslenskan rétt að tryggja að brot á reglum þeirra varðaði viðurlögum sem væru skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotið og hefðu áhrif til varnaðar. Þessi skylda, sem leidd er af 3. gr. EES-samningsins, hefur skýrlega komið fram í ýmsum dómum Evrópu-dómstólsins, eins og rakið er í álitni EFTA-dómstólsins.

Fram að setningu laga nr. 124/2009, er tóku gildi 23. desember 2009, hafði í íslenskum skaðabótarétti verið gengið út frá því að eigin sök starfsmanns, sem slasaðist við vinnu sína, leiddi jafnan til hlutfallslegrar skiptingar tjónsins milli starfsmannsins og vinnuveitandans ef sá síðarnefndi bar jafnframt skaðabótaábyrgð á tjóni starfsmannsins. Gat eigin sök starfsmannsins jafnvel verið svo mikil að

réttur hans til bóta félli alveg niður. Var þessi réttarstaða í samræmi við óskráðar meginreglur skaðabótaréttar sem gildi almennt um rétt tjónþola til skaðabóta óháð því hvort um vinnuslys var að ræða.

Með skírskotun til forsendna og niðurstöðu framangreinds álits EFTA-dómstólsins er á það fallist að ríkisvaldinu hafi borið í samræmi við 3. gr. EES-samningsins að haga innleiðingu tilskipana nr. 89/391 og 92/57 þannig að breyting yrði á þeirri réttarstöðu starfsmanna sem að framan er rakin. Varð nánar tiltekið að tryggja að starfsmaður, sem slasaðist við framkvæmd vinnu sinnar, yrði aðeins í undantekningartilvikum látinn bera tjón sitt sjálfur vegna eigin sakar ef rekja mátti slysið til þess að vinnuveitandinn hefði ekki fylgt fyrirmælum um öryggi og heilsu á vinnustað. Það var ekki gert í kjölfar lögfestingar EES-samningsins 1. janúar 1994 og ekki bætt úr réttarstöðu starfsmanna að þessu leyti fyrr en með lögum nr. 124/2009. Það misræmi sem var á þessu tímabili milli gildandi reglna um áhrif eigin sakar á skaðabótarétt tjónþola og þeirra takmarkana á lagalegum áhrifum eigin sakar starfsmanns, sem varð að innleiða samkvæmt framangreindum tilskipunum, fól í sér brot af hálfu íslenskra yfirvalda á þeim skyldum sem hvíldu á þeim samkvæmt EES-samningnum.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að ef fyrrgreindar tilskipanir hefðu verið innleiddar með réttum hætti í íslenskan rétt hefði krafa hans um skaðabætur úr hendi vinnuveitanda hans, Ístaks hf., verið tekin til greina. Telur hann liggja fyrir að Ístak hf. hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu við að framfylgja reglum um öryggi á vinnustaðnum og að orsakatengsl séu á milli þeirrar vanrækslu og tjónsins sem stefnandi varð fyrir. Þá byggir stefnandi á því að sú eigin sök, sem Hæstiréttur Íslands taldi í dómi sínum frá 20. desember 2005 að stefnandi hefði sýnt, hafi ekki verið slík að hann verði látinn bera tjón sitt sjálfur á grundvelli þeirra undantekninga sem vikið sé að í álit EFTA-dómstólsins.

Í kafla II var gerð grein fyrir rökstuðningi Hæstaréttar Íslands fyrir sýknu af skaðabótakröfu stefnanda á hendur Ístaki hf. 20. desember 2005. Verður dómurinn ekki skilinn á annan veg en að þar hafi aðstæður á verkstað verið metnar ófullnægjandi með tilliti til öryggis starfsmanna. Það var mat réttarins að erfitt hefði verið að auka öryggið með líflínu, sem fest hefði verið í þak hússins, eða með sérstökum fallvörnum undir gifsplötunum. Hins vegar þótti augljóst að tryggja hefði mátt öryggi starfsmanna með því að leggja mannheldan við þvert á gólfbitana. Af þeim rökstuðningi sem fylgir í kjölfarið verður að draga þá ályktun að rétturinn hafi talið að það hafi ekki verið í verkahring vinnuveitandans að gefa stefnanda fyrirmæli um þetta atriði, heldur hafi hann eins og atvikum var háttátt átt að bregðast sjálfur við þessum aðstæðum. Með skírskotun til þeirrar niðurstöðu var talið að slysið yrði ekki rakið til atvika sem Ístak hf. bar ábyrgð á.

Þegar forsendur Hæstaréttar eru metnar í heild verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að ábyrgðin á ófullnægjandi aðbúnaði á verkstað hafi að öllu leyti verið lögð á stefnanda. Sök stefnanda var því talin svo mikil að hún gengi framur skyldum vinnuveitandans til að tryggja öryggi starfsmanna sinna.

Á þeim tíma sem dómur Hæstaréttar féll voru reglur íslensks skaðabótaréttar, eins og þegar hefur verið vikið að, á þann veg að mikil sök starfsmanns, sem varð fyrir slysi við framkvæmd vinnu sinnar, gat leitt til þess að hann átti engan rétt til skaðabóta úr hendi vinnuveitanda síns. Ekki var því útilokað að eigin sök

starfsmanns gengi framur þeirri almennu ábyrgð sem á vinnuveitandanum hvíldi við að tryggja öryggi starfsmanna, sbr. 13. gr. og a-lið 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og gildandi fyrirmæla reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, einkum 8. gr. reglnanna og IV. viðauka við þær. Verður að telja að regla, sem hefði sett skorður við áhrifum eigin sakar starfsmanns, eins og rétt hefði verið að setja við innleiðingu tilskipana nr. 89/391 og 92/57, hefði breytt forsendum fyrir mati Hæstaréttar á sök og skaðabótaábyrgð aðila í fyrrgreindu hæstaréttarmáli. Á hinn bóginn er torvelt að slá nokkru föstu um hver niðurstaða réttarins hefði orðið ef þær skorður hefðu verið réttilega leiddar í lög hér á landi. Helgast það af því að eftir sem áður var unnt að mæla svo fyrir að EES-rétti að stórkostlegt gáleysi starfsmanns leiddi til þess að bótaréttur hans takmarkaðist eða hann félli jafnvel alveg niður ef starfsmaðurinn var talinn eiga talsvert meiri sök á slysinu en vinnuveitandinn.

Vanræksla stefnda, íslenska ríkisins, á skyldum sínum til að leiða fyrrgreindar tilskipanir með réttum hætti inn í íslenskan rétt getur ekki leitt til skaðabótaskyldu nema að tiltekin önnur skilyrði séu einnig uppfyllt, eins og nánar er rakið í ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins. Þar kemur fram að þrjú skilyrði þurfi að vera fyrir hendi svo að stefndi verði talinn hafa bakað sér skaðabótaábyrgð vegna slíkra brota. Í fyrsta lagi verður reglunni, sem brotin var, að vera ætlað að veita einstaklingum tiltekin réttindi. Í öðru lagi þarf að vera beint orsakasamband milli vanrækslu ríkisins og þess tjóns sem viðkomandi verður fyrir. Í þriðja lagi verður vanræksla ríkisins á skuldbindingum sínum að vera nægilega alvarleg. EFTA-dómstóllinn hefur metið það svo að fyrsta skilyrðinu sé augljóslega fullnægt, enda sé EES-reglu, sem takmarki kosti EES-rikkjanna til að innleiða eða viðhalda skaðabótareglum um lagalegar afleiðingar eigin sakar tjónþola, ætlað að veita þeim einstaklingi réttindi. Annað skilyrðið, um orsakasamband brotsins og fjártjóns stefnanda, er háð því að komist verði að þeirri niðurstöðu að við rétta innleiðingu tilskipananna hefði í ljósi atvika ekki mátt hafna öllum bótagreiðslum til stefnanda. Því álitaefni er ekki svarað í áliti EFTA-dómstólsins, heldur tekið fram að það sé í verkahring landsdómstóla að meta það. Eins og að framan greinir er torvelt að slá nokkru föstu um hver niðurstaða Hæstaréttar Íslands hefði orðið ef þær skorður sem leiddu af tilskipunum um áhrif eigin sakar hefðu verið réttilega leiddar í lög hér á landi. Kann þá að koma til álita hvort leysa verði úr því sérstaka sakarefni sem hér er til úrlausnar óháð því sem ætla má um niðurstöðu Hæstaréttar í skaðabótamálinu, sem dæmt var um 20. desember 2005, ef tilskipanirnar hefðu verið réttilega leiddar í lög hér á landi. En fyrst er þó rétt að taka af skarið um það hvort þriðja skilyrðinu sé fullnægt, að vanræksla stefnda, íslenska ríkisins, hafi verið nægilega alvarleg til að baka honum skaðabótaskyldu.

Um þetta síðasta skilyrði hefur EFTA-dómstóllinn þau orð að almennt sé það í verkahring landsdómstóla að meta málsatvik og skera úr um hvort skilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð sé fullnægt og vísar þar ljóslega til þess að brotið þurfi að vera alvarlegt. Það komi þó ekki í veg fyrir að dómstóllinn lýsi ákveðnum aðstæðum og sjónarmiðum sem rétt sé að landsdómstólar hafi hliðsjón af í mati sínu. Síðan segir eftirfarandi:

82 EFTA-dómstóllinn hefur ítrekað lagt til grundvallar, að mat á því hvort EES-ríki hafi gerst sekt um nægilega alvarlegt brot á EES-rétti við beitingu löggjafarvalds síns ráðist af því, hvort ríkið hafi með bersýnilegum og alvarlegum

hætti virt að vettugi þær takmarkanir sem valdheimildum þess eru settar. Sjá mál Nguyen, 33. mgr., og þá dóma sem þar er vísað til. Við matið skiptir verulegu máli hversu skýrt og nákvæmt það ákvæði er sem brotið er gegn og hvert svigrúm það eftirlætur innlendum stjórnvöldum. Þá hefur það einnig verulega þýðingu hvort brotinu og því tjóni sem af hlaust hafi verið valdið af ásetningi eða misgáningi, og hvort um var að ræða afsakanlegan misskilning á EES-reglum, sjá hér áður tilvitnað mál Karls K. Karlssonar hf., 38. mgr. Við matið ber auk þess að hafa hliðsjón af því hvort skýr dómaframkvæmd liggur fyrir um túlkun þeirrar reglu sem um ræðir, sjá meðal annars Nguyen, 34. mgr.

83 Vardandi það mál sem hér er til meðferðar bendir EFTA-dómstóllinn á, að fyrir liggur skýr dómaframkvæmd Evrópudómstólsins um að ríkjum beri að tryggja að brot á skuldbindingum sem fram koma í tilskipunum sæti viðurlögum. Í þeirri dómaframkvæmd kemur einnig fram hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt í þessu sambandi, en ríkjunum er þó falið sjálfðæmi um val á viðurlögum, innan þeirra marka. Eins og bent er á í 47. mgr. hér að framan hefur þessi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins einnig augljósa þýðingu í EES-rétti.

83 Evrópudómstóllinn fjallaði um einkaréttarlega ábyrgð vegna brota á skuldbindingum samkvæmt tilskipun 89/391 í áður tilvitnuðu máli Framkvæmdastjórnarinnar gegn Bretlandi. Sá dómur var kveðinn upp síðar í tíma en sá dómur Hæstaréttar Íslands sem haldið er fram að feli í sér brot á EES-rétti. Hvað sem því líður þá hefði umræddur dómur Evrópudómstólsins einungis getað haft takmarkað leiðsagnargildi í máli stefnanda, því í honum er einungis tekin afstaða til þess álitaefnis hvort aðildarríkjum Evrópusambandsins sé samkvæmt tilskipuninni skylt að innleiða reglu um hlutlæga ábyrgð vinnuveitenda vegna vinnuslysa, og hafnar dómurinn því sjónarmiði. Í dómnum er hins vegar engin afstaða tekin til þess hvaða áhrif meginregla 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar geti haft á aðrar reglur um skaðabótaábyrgð sem kunna að vera í landsrétti. Í máli því sem hér er til umfjöllunar reynir einnig á hverja þýðingu það hefur, þegar hugsanlegt er að vinnuveitandi sæti fleiri en einni tegund viðurlaga fyrir að fylgja ekki viðeigandi öryggiskröfum, og sú staða er uppi að sum viðurlaganna leggja of ríka áherslu á eigin sök starfsmanns en önnur viðurlög byggja á réttum skilningi á tilskipuninum.

Ekki er fallist á það með stefnanda að þessa umfjöllun verði að skilja á þann veg að EFTA-dómstóllinn hafi í raun slegið því föstu að brot stefnda á EES-reglum hafi verið nægilega alvarlegt til að baka honum skaðabótaskyldu. Við það mat verður í fyrsta lagi að líta til þess að umræddar tilskipanir nr. 89/391 og 92/57 höfðu fyrst og fremst að geyma tilteknar háttæmisreglur sem fjölluðu um skyldur vinnuveitenda til að tryggja starfsmönnum sínum öruggt vinnuumhverfi. Ekkert liggur fyrir um að innleiðingu þessara háttæmisreglna í íslenskan rétt hafi verið áfátt þannig að þýðingu hafi fyrir það sakarefni sem hér um ræðir. Í íslenskum rétti er kveðið á um skyldur vinnuveitenda í þessu efni í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og í stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið með stoð í lögnum. Verður ekki séð að í þeim reglum sé veitt leyfi til að efnahagsleg sjónarmið séu látin vega þyngra en öryggi starfsmanna, eins og stefnandi vísar til. Þá hefur ekki verið í ljós leitt að fyrirmæla laga nr. 46/1980 og stjórnvaldsfyrirmæla, einkum reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum, hafi verið

ófullnægjandi með tilliti til þess sem fram komi í 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 11. gr. og 12. gr. tilskipunar 89/391 eða 16. gr. tilskipunar 92/57.

Í lögum nr. 46/1980 eru fyrirmæli í XII. kafla sem kveða á um að sérstök stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, skuli fylgjast með því að atvinnurekendur fari að fyrirmælum laganna og þeirra reglna sem sett hafa verið samkvæmt þeim. Getur stofnunin gripið til tiltekinna úrræða til að rannsaka aðstæður og bregðast við ef þær eru ófullnægjandi. Þannig hefur stofnunin heimild til að stöðva vinnu eða loka starfsemi við tilteknar aðstæður, sbr. 84. og 85. gr. laganna, auk þess sem hún hefur heimild til að beita atvinnurekendur dagsektum, sbr. 84. gr. laganna. Þá varða brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sektum nema að þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Samkvæmt framansögðu skorti því í raun ekki á að ákvæði væru í lögum um að brot á skyldum atvinnurekenda við að gæta að öryggi starfsmanna varðaði ábyrgð og eftir atvikum viðurlögum. Afsakanlegt var að íslenska ríkið hafi talið að með framangreindum stjórnsluúrræðum og refsiaþbyrgð væri fullnægt áskilnaði 3. gr. EES-samningsins, enda um hefðbundin lagaúrræði að ræða til að fylgja eftir háttarnisreglum. Þó að í tilskipun nr. 89/391 hafi komið fram í 3. mgr. 5. gr. að skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu við vinnu ættu ekki að hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitanda var þar ekki vikið sérstaklega að því hvaða þýðingu þetta atriði hefði á mögulega sakarskiptingu í máli þar sem krafist er skaðabóta í tilefni af vinnuslysi. Engin dómafordæmi Evrópuþómstólsins eða EFTA-dómstólsins lágu heldur fyrir um það atriði. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður ekki fallist á að stefndi, íslenska ríkið, hafi með bersýnilegum og alvarlegum hætti virt að vettugi þær takmarkanir sem valdheimildum þeirra voru settar með fyrrgreindum tilskipunum. Ekki hefur því verið leitt í ljós að fullnægt sé því skilyrði fyrir skaðabótaskyldu stefnda að um nægilega alvarlegt brot hafi verið að ræða á EES-reglum. Þegar af þessari ástæðu verður ekki fallist á að stefndi sé skaðabótaskyldur vegna ófullnægjandi innleiðingar á umræddum tilskipunum í íslenskan rétt.

Stefnandi byggir kröfu sína til vara á því að Hæstiréttur Íslands hafi gert mistök við túlkun lagareglna með dómi sínum frá 20. desember 2005. Hafi réttinum borið að túlka lögina til samræmis við framangreindar tilskipanir. Hvað þessa málsástæðu varðar ber að árétta það sem að framan greinir um forsendur og niðurstöðu réttarins um skaðabótakröfu stefnanda á hendur Ístaki hf. og þær reglur sem þá voru í gildi um eigin sök tjónþola. Með þeim dómi var sakarefni þess máls endanlega til lykta leitt og stendur formlegt gildi hans óhaggað, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 116. gr. sömu laga verður krafa, sem dæmd hefur verið að efni til, ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í þeim lögum segir og ber að vísa nýju máli um slíka kröfu frá dómi. Af ákvæði þessu leiðir að aðilar einkamáls hafa að íslenskum rétti takmörkuð úrræði til að leita endurskoðunar máls að gengnum dómi Hæstaréttar ef frá er talin endurupptaka eftir reglum 169. gr. laga nr. 91/1991. Stendur engin heimild til þess að lögum að fyrrgreind dómsúrlausn um skaðabótakröfu stefnanda á hendur Ístaki hf. geti nú sætt endurskoðun dómstóls að efni til á þeim grundvelli sem stefnandi reisir málalíbúnað sinn á, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 18. júní 2009 í máli nr. 604/2008. Af þessum sökum ber að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna þess að niðurstaða Hæstaréttar frá 20. desember 2005 hafi verið röng.

Samkvæmt framangreindu liggur ekki fyrir að stefnandi eigi rétt til skaðabóta úr hendi stefnda, íslenska ríkisins. Með vísan til þess ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum og í samræmi við 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnanda var veitt gjafsókn 20. janúar 2011 vegna málsins og 8. febrúar sama ár vegna útlagðs kostnaðar af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, en hann er annars vegar útlagður kostnaður vegna málflutnings fyrir EFTA-dómstólnum, samtals 1.961.959 krónur, og hins vegar vegna annars reksturs málsins, þar með talin þóknun til lögmanns hans, Einars Gauts Steingrímssonar hrl., sem er hæfilega ákveðin 2.000.000 króna án virðisaukaskatts.

Málið dæmir Ásmundur Helgason héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Þórs Kolbeinssonar.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður vegna málflutnings fyrir EFTA-dómstólnum, samtals 1.961.959 krónur, og þóknun til lögmanns stefnanda, Einars Gauts Steingrímssonar hrl., 2.000.000 króna.

Ásmundur Helgason (sign.)